

Fundur haldinn í Framkvæmdaráði AlmannaVARNA Árnessýslu (A.Á.) þann 13. október 2021 kl. 16:00 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður, Aldís Hafsteinsdóttir, ritari og Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri AlmannaVARNA Árnessýslu. Einnig sat fundinn Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri Suðurlands og Björn Ingi Jónsson, verkefnastjóri AlmannaVARNA á Suðurlandi.

Fundargerð ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

**1. Fjárhagsáætlun ársins 2021.**

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem er í góðu samræmi við rekstur fyrra árs. Gert er ráð fyrir að framlag pr. íbúa í Árnessýslu verði kr. 320,- en þar af eru 200,- kr sem renna til lögreglustjóra vegna kostnaðar við sérstakan verkefnastjóra almannaVARNA á Suðurlandi. Heildar framlög aðildarsveitarélaga nema kr. 6.963.000,- og miðast við fjölda íbúa þann 1. janúar 2021 sem er 19.977. Íbúafjölgun á svæðinu er viðvarandi og fjölgar stöðugt.

**2. Samningur sveitarfélaganna í Árnessýslu lagður fram.**

Nýr samningur lagður fram og samþykktur. Eftirfylgni með þeim verkefnum sem þar koma fram er í samræmi við starfslýsingu starfsmanns. SP ræddi undir þessum lið um reglugerð um efni og gerð viðbragðsáætlana og mikilvægi þess að áætlanir varðandi jarðskjálfta væru gerðar í samhengi við reglugerðina. KP greindi frá því að ríkislögreglustjóri hefði óskað eftir fundi með almannaVARNANEFNDUM þar sem farið yrði yfir viðbragðsáætlanir og stöðu almannaVARNA. Sá fundur verður væntanlega haldinn í byrjun nóvember. Jafnframt gerði hann grein fyrir vinnu við gerð viðbragðsáætlana í héraði.

**3. Velferðarverkefni.**

SP gerði grein fyrir stöðu velferðarverkefnisins og þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin. Framundan er greiningarvinna en Árborg hefur óskað eftir því að unnið verði að verkefninu sérstaklega hjá sveitarfélaginu og því hefur verkefnið stækkað í meðförum enda orðin tvö. Gert er ráð fyrir að skil verði á verkefnunum á vörfundum héraðsnefndar árið 2022.

**4. Skjalavarsla AlmannaVARNA**

Unnið hefur verið að bættri skjalavörslu hjá Brunavörnum að undanförunu og hafa skjöl AlmannaVARNA verið til skoðunar samhliða. Um samstarf við Héraðsskjalasafn Árnessýslu er að ræða en Sólveig Þorvaldsdóttir hefur komið þeim til aðstoðar.

**5. Verkefni verkefnastjóra**

Verkefnastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum og stöðu þeirra og lagði fram skriflegt yfirlit yfir verkefnastöðu.

Mikil vinna hefur falist í þáttum tengdum Covid en fundum vegna þessa hefur þó heldur fækkað. Rætt um langtímaáætlanir við samfélagslegum áföllum og mikilvægi þess að þær séu endurnýjaðar reglulega. Fundað hefur verið með öllum svæðisstjórnnum í umdæminu og núna er verið að undirbúa fundi með björgunarsveitum á svæðinu. Unnið hefur verið að æfingum vegna mögulegra eldsumbrota í Heklu og áhrifa sem þau gætu haft á raforkukerfi landsins, önnur áhættumöt eru í vinnslu á nokkrum svæðum m.a. vegna skóga- og kjarrelda. Jafnframt hefur verið fylgst vel með eldsumbrotum á Reykjanesi en áhrifa þeirra gætir í Árnessýslu vestanverðri. Ljóst er að mörg svæði eru undir og því brýnt að vel sé fylgst með mögulegum hættum sem víða geta skapast.

**6. Fundur almannavarnanefnda í umdæmi lögreglustjóra á Suðurlandi.**

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur óskað eftir fundi með almannavarnanefndum í umdæminu. Fundurinn verður haldinn með Almannavarnanefnd Árnessýslu miðvikudaginn 3. nóvember kl. 13:00 í sal Björgunarmiðstöðvar Árnessýslu.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20.

Ásta Stefánsdóttir

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Kjartan Þorkelsson

Pétur Pétursson

Björn Ingi Jónsson